



Ávarp stjórnarformanns	4
Ávarp forstjóra	6
Stjórn Bláa Lónsins 2013	8
Stjórnskipulag Bláa Lónsins	10
Fyrirtæki sem byggir á mannauði	12
Bláa Lónið	16
Veitingar	20
Fasteignasvið	24
Rannsóknir og þróun	28
Blue Lagoon húðvörur og verslanir	34
Lækningalind	40
Sölu- og markaðsmál	44
Almannatengsl og vörumerki	50
Samfélagsábyrgð og samfélagsverkefni	54
Viðurkenningar	62
Ársreikningur	66

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu hluthafar.

Bláa Lónið hf. hefur átt velgengni að fagna á undanförunum árum. Gestafjöldi eykst ár frá ári og rekstrarárangur hefur verið mjög góður. Rekstrartekjur jukust um 25% árið 2013 í evrum talið, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði óx um 25% og nettóhagnaður eftir skatta var 8,3 milljónir evra eða um 1.350 milljónir króna á meðalgengi ársins 2013 sem er 50% aukning frá árinu á undan.

Þannig er árið 2013 metár í rúmlega 20 ára sögu félagsins – sama hvernig á það er litið. Metár í öllu umsvifum; gestafjölda, rekstrartekjum og rekstrarárangri. Í fyrra var slegið met í umsvifum og rekstrarárangri frá árinu á undan en þá var einmitt metið slegið frá árinu þar á undan.

Þessi góði árangur á sér margvíslegar skýringar. Ferðamannastraumur til Íslands er mjög vaxandi og Bláa Lónið nýtur vitanlega góðs af því. Það hefur komið sífellt betur á daginn að sú uppbygging sem fram hefur farið í fyrirtækinu og þær miklu fjárfestingar sem lagt hefur verið í á undanförunum árum skila sér með þeim hætti að fyrirtækið hefur reynst vera fyllilega í stakk búið að taka við mikilli fjölgun gesta.

Þróun félagsins hefur verið markviss og unnið er eftir vönduðum áætlunum þar sem framtíðarsýn félagsins er skýr. Það skilar árangri.

Félagið hefur mótað áframhaldandi vaxtarstefnu sem miðast við að auka gæði þjónustunnar og tryggja að upplifun viðskiptavina félagsins verði sífellt betri. Horfur í ferðaþjónustu hér á landi eru góðar. Ætla má að Bláa Lónið muni njóta góðs af þeirri jákvæðu ímynd sem landið er smám saman að festa í sessi. Ímynd sem er m.a. tilkomin vegna mikils fjölda ánægðra gesta sem heimsækja Bláa Lónið, eru ánægðir með upplifun sína og segja frá henni á jákvæðan hátt. Fyrirtækið á sinn þátt í þeirri miklu og ánægjulegu þróun sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi hin síðari ár.

Stofnanda félagsins, Grími Sæmundsen, forstjóra, hlotnaðist margvíslegur heiður á síðasta ári vegna frumkvöðlastarfa sinna hjá félaginu. Þannig var hann valinn markaðsmaður ársins hjá ÍMARK, félagi markaðsfólks á Íslandi. Verðlaunin eru veitt þeim sem þykja skara fram úr á sviði markaðsmála. Við afhendingu verðlaunanna þann 14. nóvember sl. sagði formaður ÍMARK m.a. að Grímur hefði getið sér gott orð á árum áður fyrir að vera öflugur varnarmaður í knattspyrnunni hjá Val en eftir að hann hélt inn á svið viðskiptanna hefði hann fært sig framár á völinn, reynst vera marksækinn og markheppinn.

Í lok árs var Grímur valinn maður ársins hjá Frjálsri verslun. Þar er um að ræða elstu og virtustu verðlaun sem mönnum geta hlotnast í íslensku viðskiptalífi, en þau hafa verið veitt árlega frá árinu 1988.

Fyrir hönd stjórnar færi ég Grími hamingjuóskir vegna þessara viðurkenninga – en ekki síður vegna þess mikla árangurs sem náðst hefur hjá fyrirtækinu undir hans forystu. Einnig flyt ég öllu starfsfólki bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Allt byggist starfið á öflugri liðsheild.

Helgi Magnússon, stjórnarformaður





ÁVARP FORSTJÓRA

Vöxtur Bláa Lónsins undanfarin ár hefur verið í takt við vöxt ferðaþjónustunnar sem í dag aflar þjóðinni meiri gjaldeyristekna en nokkur önnur atvinnugrein. Aldrei hafa fleiri starfað hjá Bláa Lóninu en undanfarið ár en sumarið 2013 störfuðu 330 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Á árinu 2013 heimsóttu 647.000 gestir Bláa Lónið.

Áframhaldandi vöxtur ferðaþjónustunnar er framundan. Bláa Lónið er eitt þekktasta vörumerki Íslands samhliða því að vera einn vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim. Því fylgir ábyrgð!

Bláa Lónið mun því áfram leggja sitt af mörkum þegar kemur að stefnumótandi ákvörðunum fyrir íslenska ferðaþjónustu. Sú uppbygging sem Bláa Lónið hefur þegar staðið fyrir er táknræn fyrir áherslu Bláa Lónsins á gæði og upplifun gesta. Í þeirri uppbyggingu sem hefur verið í undirbúningi hjá fyrirtækinu undanfarin misseri, sem felst í stækkun á spa upplifunarsvæði og lúxus hóteli, verður áherslan sem fyrr – einstök upplifun og gæði.

Blue Lagoon húðvörulínan var fyrst sett á markað fyrir tæpum 20 árum. Vörulínan hefur vaxið með fyrirtækinu og er Blue Lagoon nú stærsta snyrtivörumerki Íslands. „Fegurðin kemur að innan“ er ný markaðs- og kynningarherferð sem var sett í loftið í lok mars í tengslum við Reykjavík Fashion Festival (RFF). Herferðinni er ekki hvað síst ætlað að styrkja stöðu vörumerkisins enn frekar á innanlandsmarkaði.

Umsókn Bláa Lónsins um einkaleyfi á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum hefur verið samþykkt af bandarísku einkaleyfastofunni og verður bandarískt einkaleyfi gefið út innan tíðar. Í einkaleyfinu felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna. Í einkaleyfinu er gerð grein fyrir niðurstöðum tilrauna sem vísindamenn Bláa Lónsins unnu í samvinnu við erlenda tilraunastofu og sýna fram á virkni blágrænna þörunga úr lóninu. Samsvarandi umsókn er enn til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Bláa Lónið hefur ræktað þörunga í um 20 ára skeið og á sl. ári var mikilvægt skref stigið þegar Bláa Lónið hóf að nýta CO2 frá orkuveri HS Orku í Svartsengi við ræktun þörunga og umbreyta þannig útblæstri í verðmæta afurð.

Niðurstöður nýrra rannsókna á lækningamætti Bláa Lónsins staðfesta enn frekar lækningamáttinn gagnvart psoriasis. Rannsóknirnar eru hluti af doktorsverkefni Jennu Huldar Eysteinsdóttur, læknis, og hafa þær hlotið birtingu í virtum vísindatímaritum innan húðlæknisfræði og ónæmisfræði.

Niðurstöður rannsóknanna hafa mikla þýðingu fyrir frekari þróun og markaðssetningu og munu styrkja stöðu Bláa Lóns meðferðarinnar hér heima og á allþjóða markaði.

Öll þessi þekkingaruppbygging styrkir áframhaldandi nýsköpun og vöruþróun innan Bláa Lónsins og gerir fyrirtækið samkeppnishæfara en áður um leið og hún er grunnur frekari vaxtar Bláa Lónsins.


Grímur Sæmundsen, forstjóri



STJÓRN BLÁA LÓNSINS HF.
ÁRIÐ 2013

F.v. Edvard Júlíusson varaformaður, Helgi Magnússon formaður, Guðrún Hafsteinsdóttir meðstjórnandi, Anna Skúladóttir meðstjórnandi, Ásgeir Margeirsson meðstjórnandi og Úlfar Steindórsson varamaður

STJÓRNSKIPULAG BLÁA LÓNSINS





FYRIRTÆKI SEM BYGGIR
Á MANNAUÐI



Grimur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins var valinn markaðsmaður ársins af ÍMARK, Samtökum íslensks markaðsfólks, og maður ársins í íslensku atvinnulífi af Frjálsri verslun. Valið er vitnisburður um þróun Bláa Lónsins undanfarin ár, hlutverk þess sem lykilfyrirtækis í íslensku atvinnulífi og leiðandi fyrirtækis í ferðaþjónustu á Íslandi. Grímur, sem hefur leitt starfsemi Bláa Lónsins frá stofnun í rúma tvo áratugi, tileinkaði öllu starfsfólki Bláa Lónsins viðurkenningarnar.

Mannauður Bláa Lónsins er táknrænn fyrir þróun fyrirtækisins undanfarin ár. Hjá Bláa Lóninu störfuðu 225 starfsmenn á ársgrunni í lok árs 2013. Yfir sumarmánuðina fór starfsmannafjöldinn í 330 og hefur aldrei verið meiri. Bláa Lónið hefur notið mikillar tryggðar hjá starfsfólki sínu sem margir hafa starfað hjá fyrirtækinu um árabíl. Ása Brynjólfsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri Bláa Lónsins, hefur starfað hjá fyrirtækinu nánast frá stofnun þess. Hið sama á við um Hartmann Kárasón, fasteignastjóra. Ásu og Hartmanni voru færðar viðurkenningar fyrir ómetanleg störf í þágu Bláa Lónsins á árhátíð félagsins í febrúar síðastliðnum.

Viktor Örn Andrésson, einn af yfirmatreiðslumeisturum Bláa Lónsins, náði eftirtektarverðum árangri þegar hann vann keppnina um matreiðslumann Norðurlanda nú í mars 2014. Nokkrum mánuðum fyrr vann hann titilinn matreiðslumeistari Íslands. Rúnar Pierre Heriveaux, matreiðslunemi hjá Bláa Lóninu, sigraði keppnina um matreiðslunema Íslands.

Gildi fyrirtækisins voru skilgreind af hópi starfsfólks og óhætt að segja að þau endurspegli starfsandann og Bláa Lónið sem vinnustað.

BLÁA LÓNID



Upplifun gesta er eitt af meginverkefnum Bláa Lónsins. Sumarið 2014 var fyrsta sumarið sem heimsóknargjald var innheimt og voru áhrif þess jákvæð. Álagspunktur yfir daginn voru minni og þeir gestir sem greiddu heimsóknargjaldið gerðu ráð fyrir betri tíma til að upplifa staðinn heldur en áður. Lengri opnunartími hafði einnig góð áhrif á dreifingu gesta yfir daginn. Með innleiðingu heimsóknargjaldsins tók Bláa Lónið mikilvægt skref til að standa vörð um upplifun gesta.

Nýtt vefbókunarkerfi var tekið í notkun. Umtalsverð aukning er á þeim fjölda gesta sem bóka heimsókn sína fyrirfram, þegar kerfið var fyrst kynnt bókuðu 1% gesta heimsókn sína fyrirfram en í lok árs nýttu 15% viðskiptavina sér þennan valkost. Með þessu móti má dreifa gestafjölda betur yfir daginn. Fjöldi gesta jókst sem valdi að kaupa spa pakka sem ganga undir heitunum Experience Comfort og Experience Premium. Með því njóta gestir meiri þæginda og upplifa meiri þjónustu. Fjöldi þeirra sem nýta sér Betri stofu Bláa Lónsins hefur einnig verið stöðugur. Spa meðferðir sem fara fram í lóninu sjálfu njóta áfram mikilla vinsælda. Að öllu jöfnu eru fjórir til sjö nuddarar að störfum hverju sinni. Mikil aukning hefur verið í eftirspurn eftir spa meðferðum og nuddi, einkum utan háannatímans.

Mælingar sýna að stefna Bláa Lónsins um verndun á upplifun gesta er í takt við væntingar og óskir viðskiptavina. Sumarið 2013 bauð Bláa Lónið upp á lengri opnunartíma sem fól í sér að gestir gátu notið lónsins til miðnættis á tímabilinu 1. júlí til 15. ágúst. Gaf þetta góða raun og ákveðið hefur verið að lengja opnunartímamann aftur í sumar.





VEITINGAR



Veitingarekstur Bláa Lónsins er orðinn umsvifamikill og er LAVA á meðal fremstu veitingastaða landsins. Þráinn Freyr Vigfússon, fyrirlíði landsliðs íslenskra matreiðslumeistara gekk til liðs við Bláa Lónið í september 2013. Hann starfar við hlið þeirra Inga Þórarins Friðrikssonar og Viktors Arnar Andréssonar og leiðir þríeykið teymi matreiðslumanna og nema.

Matreiðslumeistarar LAVA tóku einnig þátt í landkynningarstarfi. Þráinn Freyr fór til Bandaríkjanna á vegum Iceland Naturally og kom einnig fram í vinsælum matarþætti í Þýskalandi. Stöðug þróun og menntun er matreiðsluteyminu mikilvæg og dvaldi Viktor Örn um tíma á Michelin stjörnu veitingastaðnum Alinea í Chicago þar sem hann kynnti sér strauma og stefnur þessa framsækna veitingastaðar.


Bláa Lónið leggur áherslu á að mennta matreiðslu- og framreiðslufólk framtíðarinnar og hjá fyrirtækinu eru nú 14 nemar. Rúnar Pierre Heriveaux sigraði keppnina matreiðslunemi ársins 2013. Í nýlegu viðtali við Víkurfréttir sagði Rúnar að í Bláa Lóninu væri besta aðstaðan fyrir matreiðslunema á Íslandi, þar sem þeir njóta leiðsagnar fremstu matreiðslumeistara landsins.

Áhersla LAVA er á ferskt íslenskt hráefni. Fiskur úr heimabænum Grindavík er ávallt á matseðlinum og er einn vinsælasti rétturinn. Í lok febrúar 2014 var boðið upp á saltfiskveislu á LAVA þar sem gestakokkur frá Spáni eldaði saltfiskrétti ásamt matreiðslumeisturum LAVA. Töluverð aukning var í fjölda hópa og sérvíðburða t.d. árshátíða í LAVA sal Bláa Lónsins. Staðurinn hefur hlotið faglega og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum og fengið góða umsögn gesta. Markmið LAVA er að veita einstaka upplifun með áherslu á gæði.

VIKTOR ÖRN ANDRÉSSON VANN KEPPNINA UM MATREIÐSLUMANN NORÐURLANDANNA

Viktor Örn Andrésson, matreiðslumeistari hjá Bláa Lóninu, sigraði í keppninni um matreiðslumann Norðurlanda sem fram fór í Herning í Danmörku þriðjudaginn 18. mars, 2014.

Helstu matreiðslumenn Norðurlandanna voru samankomnir í Herning og keppti Viktor við þá bestu frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku. Þess ber að geta að matreiðslumenn Norðurlandanna og skandinavísk matargerð er á meðal þess besta sem gerist í heiminum í dag.



FASTEIGNASVIÐ



Fasteignasvið Bláa Lónsins ber ábyrgð á öllu viðhaldi fasteigna félagsins auk almenns viðhalds á Eldborg, kynningar- og móttökuhúsi HS Orku í Svartsengi. Sviðið hefur undanfarið unnið að breytingum á verzlun og einnig á gestamóttöku. Fasteignasviðið býr yfir fullkomnu smíðaverkstæði sem hefur þegar sannað ágæti sitt, en mikið hagræði felst í því að geta sinnt öllum almennum verkefnum innanhúss. Þá gefur það kost á sérsníði fyrir starfseiningar Bláa Lónsins en til að mynda eru allar innréttingar smíðaðar innanhúss. Rekstur jarðsjávarkerfis Bláa Lónsins tilheyrir sviðinu og búa starfsmenn yfir mikilli þekkingu á því sviði.

SPA UPPLIFUNARSVÆÐI OG HÓTEL

Undanfarin misseri hefur verið unnið að undirbúningi á stækkun og viðbótum spa upplifunarsvæðis Bláa Lónsins og byggingu á 62 herbergja lúxus hóteli þar sem áhersla er á gæði og upplifun gesta.

Stefnt er að því að byggingaframkvæmdir hefjist haustið 2014. Undanfarna mánuði hafa þrjú hönnunarteymi verið að störfum; arkitektar, verkfræðingar og upplifunarhönnuðir. Teymin eru komin langt í vinnu sinni og lýkur hönnunarfasa verkefnisins í vor. Uppbyggingin er í samræmi við þróun á vörumerkinu Blue Lagoon Iceland. Upplifunarhönnun er mikilvægur þáttur hönnunarferlisins en hún felur í sér að skapa stemningu og andrúmsloft til að upplifun gesta verði einstök.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN





Ása Brynjólfssdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri

EINKALEYFI SAMÞYKKT Í BANDARÍKJUNUM – ÞRJÁR VÍSINDA- GREINAR BIRTAR

Undanfarin sex ár hefur Bláa Lónið í samvinnu við Landspítalann og Háskóla Íslands unnið að nýjum rannsóknum á virkni Bláa Lóns psoriasismeðferðarinnar. Rannsóknirnar eru jafnframt doktorsverkefni Jennu Huldar Eysteinsdóttur læknis. Nýlega voru fyrstu tvær vísindagreinarnar úr þessum rannsóknum birtar í vísindatímaritunum Photodermatology Photoimmunology & Photomedicine og Scandinavian Journal of Immunology.^{1,2}

Niðurstöður þessara nýju rannsókna á virkni Bláa Lóns psoriasismeðferðar í samburði við UVB ljósmeðferð leiða í ljós að Bláa Lóns meðferðin veitir skjóttari bata, metið bæði klínískt og vefjafræðilega. Batinn endist lengur og draga má úr NB-UVB geislun. Fjöldi skipta, heildargeislun og Bláa Lóns meðferðin gefur betri lífsgæði.

Ónæmisfræðilegar rannsóknir sem felast í mælingum í blóði og vefjafræðilegum mælingum í húð leiddu í ljós að flestir höfðu náð 90% bata eftir tveggja vikna meðferð. Niðurstöður þessara rannsókna eru afgerandi um virkni Bláa Lóns meðferðarinnar við psoriasis og styrkja vísindagrunn um lækningamátt meðferðarinnar.

RANNSÓKNIR Á BÓLGUEMJANDI EFNUM

Bláa Lónið hf, Lyfjafræðideild Háskóla Íslands og Ónæmisfræðideild og Rannsóknastofa í gigt sjúkdómum Landspítala vinna að rannsóknum á bólguemjandi efnunum sem unnin eru úr þörungum Bláa Lónsins. Rannsóknirnar eru styrktar af Tækniþróunarsjóði um 30 milljónir kr. til þriggja ára, á tímabilinu 2012 til 2014.

ÚTBLÆSTRI UMBREYTT Í VERÐMÆTA AFURÐ

Bláa Lónið hefur um tveggja áratuga skeið ræktað örþörungum (e. microalgae) til nota í Blue Lagoon húðvörur. Þörungarnir nota ljósorku til að umbreyta gróðurhúsalofttegund (CO₂) yfir í lífmassa. Árið 2013 var tekin upp byltingarkennd aðferð við þörungaræktunina. Í stað aðkeypts CO₂ sem fóður er notast við útblástursgas frá jarðvarmavirkjun HS Orku í Svartsengi en það gas er mjög ríkt af CO₂. Að umbreyta útblæstri orkuvera í háverðsafurðir, líkt og gert er hér við Bláa Lónið á iðnaðarskala, er einstakt í heiminum.

Við þörungaræktuna er notaður sérhæfður búnaður, „photobioreactor“, þar sem stýra má hita, ljósi og næringu. Búnaðurinn var endurnýjaður á árinu og jafnframt var ræktunarrúmmál stækkað um helming til að anna aukinni eftirspurn. Þanna fyrir saltframleiðslu var einnig endurnýjuð.

1. Eysteinsdóttir JH, et al., Psoriasis treatment: Fast and long standing cure after bathing in geothermal seawater. A randomized trial on three UVB phototherapy regimens. Photodermatology Photoimmunology & Photomedicine. 2013 Nov 20.

2. Eysteinsdóttir JH, et al., The Role of Th17/Tc17 Peripheral Blood T cells in Psoriasis and Their Positive Therapeutic Response. Scandinavian Journal of Immunology. 2013 Dec;78(6):529-37.

Bláa Lónið hefur þróað umhverfissvæna vinnsluáferð á lífrænu bláu litarefni úr þörungunum. Áferðin byggir á notkun kísils (SiO_2) og jarðsalts en hvort tveggja má finna í ríku magni í jarðsjó Bláa Lónsins. Áferðin byggir á nokkurra ára rannsóknum Bláa Lónsins á einangrun virkra og verðmætra efna úr þörungunum og hefur verið birt í jarðvarmatímaritinu *Geothermics*.³ Litarefnið er prótein, Phycocyanin, sem hefur mjög eftirsóknaverða eiginleika sem náttúrulegt litarefni og andoxunarefni til nota í húðvörur og til inntöku.

NÝTT MATARSALT

Í desember 2013 leit fyrsta framleiðslan af Blue Lagoon matarsalti dagsins ljós og tilraunir gerðar með að bjóða upp á matarsaltið á LAVA. Árangur lofar góðu og gert er ráð fyrir framhaldi á þessari framleiðslu.

NÝJAR VÖRUR VÆNTANLEGAR

Þróun Blue Lagoon húðvara er stór þáttur í starfsemi rannsókn- og þróunarviðs Bláa Lónsins. Sjö nýjar vörur eru í þróun og er gert ráð fyrir að þær komi á markað 2014. Nýr varasalvi var settur á markað í lok mars 2014.

Ný snyrtivörureglugerð í Evrópu tók gildi í júlí 2013, en hún felur meðal annars í sér að skrá þarf allar húðvörur á markaði inn í sameiginlegan gagnagrunn. Blue Lagoon húðvörurnar hafa verið skráðar í grunninn.

Vísindanefnd Bláa Lónsins sem skipuð er þeim Steingrími Davíðssyni, Bárði Sigurgeirssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni og Ingileif Jónsdóttur, vinnur náið með Bláa Lóninu og er ráðgefandi í rannsóknaverkefnum og rannsóknáætlunum ásamt Prof. Jean Krutmann, sérfræðingi á sviði öldrunar húðarinnar.

EINKALEYFI SAMÞYKKT Í BANDARÍKJUNUM

Umsókn Bláa Lónsins um einkaleyfi á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum hefur verið samþykkt af bandarísku einkaleyfastofunni og verður bandarískt einkaleyfi gefið út innan tíðar. Í einkaleyfinu felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins, nýnæmi og uppfinningagildi varanna. Þar er gerð grein fyrir niðurstöðum tilrauna sem vísindamenn Bláa Lónsins unnu í samvinnu við erlenda tilraunastofu og sýna fram á virkni blágrænna þörunga úr lóninu. Samsvarandi umsókn er enn til meðferðar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.



3. Svavarsson, et.al., Adsorption applications of unmodified geothermal silica. *Geothermics* 50 (2014), 30-43).

Energy for life through the forces of nature
Enjoy the full benefits of Blue Lagoon skincare through our 3 step energy program.
Cleanse | for a radiant complexion
gefur frísklegt yfirbragð



BLUE LAGOON HÚÐVÖRUR
OG VERSLANIR

Verslanir Bláa Lónsins eru staðsettar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, í Bláa Lóninu og að Laugavegi 15 í Reykjavík. Einnig er verslun í Blue Lagoon spa í Hreyfingu. Ásamt vefversluninni á www.bluelagoon.com eru þetta mikilvægustu útsöluastaðir Blue Lagoon húðvaranna. Nýjar samþakkingar voru settar á markað og er töfratvennan „Miracle Mask Duo“ sem inniheldur tvær af vinsælustu vörum Bláa Lónsins, kisilmaska og þörungamaska, þar á meðal.

Fyrirtækið leggur áfram metnað í að veita íslenskri hönnunarvöru sýnileika í versluninni í Bláa Lóninu. Vinsælustu hönnunarmerki Íslands eru fáanleg í versluninni, þar með talið 66°Norður, Farmers Market, Sign, Sif Jakobs, Gyðja og Marta Jónsson. Þá eru óþekktari merki einnig fáanleg en eitt af markmiðum Bláa Lónsins er að veita íslenskri hönnunarvöru meðbyr með því að hafa hana áberandi í Blue Lagoon verslunum enda vex fjöldi þeirra sem skoða og versla þar með hverju árinu.

RICH NOURISHING CREAM VALIÐ BESTA RAKAKREMIÐ

Rich Nourishing Cream hlaut Nude Beauty Awards 2014 sem besta rakakremið fyrir þurra húð. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn af íslenska tímaritinu Nude Magazine. Kremið sem var sett á markað í ársbyrjum 2013 hefur hlotið frábærar viðtökur hjá viðskiptavinum.

BLUE LAGOON RICH NOURISHING CREAM TILNEFNT TIL DANISH BEAUTY AWARDS SNYRTIVÖRUVERÐLAUNANNA

Úrslitin verða kynnt við hátíðlega athöfn á Danish Beauty verðlaunahátíðinni þann 29. apríl nk. í Kaupmannahöfn. Kremið er tilnefnt sem vara sem hefur sérstöðu á markaði og er einungis dreift á útvöldum stöðum. Í Danmörku er Blue Lagoon húðvörulínan einungis fáanleg í netverslun Bláa Lónsins. Danish Beauty Awards hátíðin er haldin árlega og er verðlaunahátíð snyrtivörugeirans í Danmörku þar sem bestu snyrtivörum hvers árs að mati dómnefndar eru veitt verðlaun.







BLUE LAGOON SKIN CARE SHOP FOOD & DRINK EXCLUSIVE LOUNGE BOOK YOUR TICKET

BLUE LAGOON SKIN CARE, NATURE & SCIENCE

FACE BODY GIFTS & SETS TREATMENT PRODUCTS € EUR SHOPPING BAG: (0)





Shipping Unique Skin Care Customer Service

MOST POPULAR

 <p>algae & mineral shower gel Soap free cleansing gel. Leaves skin soft and smooth. € 25</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>mineral intensive cream Deeply nourishing and soothing. For face & body. € 45</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>rich nourishing cream Enhances radiance and prevents aging signs. € 100</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>algae mask Nourishes, gives a long lasting lift and youthful glow. € 65</p> <p>BUY NOW</p>
---	---	---	--

OPENING OFFER ON ORDERS FOR \$150 / €110 OR MORE:
Free shipping worldwide and algae & mineral body lotion (200ml) as gift with purchase.

BLUE LAGOON GIFT SETS

 <p>beautifying body Beautifying and firming body care, balances & moisturizes. € 40</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>hands & feet pampering Nourish hands and feet with our popular gift set. € 50</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>hydrating & destressing Leaves skin de-stressed & smooth, with healthy glow. € 95</p> <p>BUY NOW</p>	 <p>miracle mask duo Blue Lagoon's star products together in one gift set. € 110</p> <p>BUY NOW</p>
--	---	---	---

Shipping Terms & Conditions Returns & Refunds

VEFVERSLUN

Ný og glæsileg vefverslun var sett í loftið í lok mars 2014. Vefverslunin er hönnuð í sama stíl og vefurinn www.bluelagoon.com. Bláa Lónið tók yfir heildsölu til viðskiptavina BL í Þýskalandi og þjónustar nú viðskiptavinum þar beint eins og í öðrum löndum. Í kjölfarið jókst sala í Þýskalandi umtalsvert. Endurskipulagning á ferlum er varða sendingar til viðskiptavina hefur einnig skilað meiri hagkvæmni og gæðum. Viðskiptavinir netverslunar Bláa Lónsins fá reglulega send fréttabréf með tilboðum og eru þau bæði fræðandi og söluhvetjandi. Þá er einnig horft til þess að bjóða viðskiptavinum vefverslunar Bláa Lónsins tilboð er tengjast sérviðburðum í einstaka löndum og má þar nefna mæðra- og feðradaga og „Cyber Monday“ sem er mánudagur í kjölfar Þakkagjörðarhátíðarinnar og stærsti dagur í netsölu í Bandaríkjunum.

Vörurnar hafa verið kynntar reglulega á kynningarviðburðum Iceland Naturally í Bandaríkjunum. Þá voru vörurnar og netverslunin einnig kynnt á brúðkaupssýningunni Wedding Salon í Bandaríkjunum þar sem gestir fengu sýnishorn af vörunum. Í tengslum við sama viðburð var efnt til leiks í samvinnu við Iceland Naturally þar sem þáttakendur skráðu netföng sín og gátu unnið ferð til Íslands og í Bláa Lónið. Verkefnið hlaut góð viðbrögð og skráðu 7000 einstaklingar sig til leiks. Vinningshafarnir heimsóttu Ísland í lok mars.



LÆKNINGALIND

Lækningamáttur Bláa Lónsins er vel þekktur og á árinu 2013 sóttu meðferðargestir frá 30 þjóðlöndum sér meðferðina. Gestirnir koma frá öllum heimshornum, m.a. frá Nýja Sjálandi.

Í ljósi niðurskurðar í heilbrigðismálum þarf að aðlaga starfsemi Lækningalindarinnar að þeim veruleika. Viðræður við heilbrigðisyfirvöld standa nú yfir og unnið er að því að finna farveg sem gerir þeim sem þurfa á meðferðinni að halda kleift að nýta sér hana.

Árangur meðferðarinnar er mjög góður og hefur hann verið enn frekar staðfestur með nýjum vísindarannsóknnum sem gerðar hafa verið á áhrifum meðferðarinnar. Niðurstöður rannsókna eru grunnur þess að meðferðin er viðurkenndur meðferðarvalkostur hjá heilbrigðisyfirvöldum og greiða Sjúkratryggingar Íslands meðferðarkostnað íslenskra psoriasis sjúklinga.

Hótelhluti Lækningalindar var vel nýttur eins og undanfarin ár. Lækningalindin hefur hlotið góð ummæli frá notendum ferðavefsins Tripadvisor sem völdu Lækningalindina sem einn besta staðinn í flokki rómantískra gististaða.



SÖLU- OG MARKAÐSMÁL

Fegurðin
kemur
að innan



BLUE LAGOON ICELAND

BLUE LAGOON SKIN CARE SHOP FOOD & DRINK EXCLUSIVE LOUNGE BOOK YOUR TICKET

BOOK YOUR TICKET

Book online for quick entry and better prices. Compare packages >

Arrival: Guests:

Your Experience: Standard - from EUR 35

IN-WATER MASSAGES

ACCOMMODATION AT BLUE LAGOON

SKIN CARE GIFTS & SETS

BLUE LAGOON ICELAND

BLUE LAGOON SKIN CARE SHOP FOOD & DRINK EXCLUSIVE LOUNGE BOOK YOUR TICKET

BOOK YOUR TICKET ONLINE & SAVE TIME FOR RELAXING

Pre-book online and you'll receive an E-ticket. For you, that means quick entry and reduced waiting. Plus, you'll get a € 2 online discount on Comfort and Premium tickets.

	EXPERIENCE STANDARD View Details	EXPERIENCE COMFORT View Details	EXPERIENCE PREMIUM View Details	EXPERIENCE LUXURY View Details
Winter: 1 SEP - 31 MAY	EUR 35	EUR 60	EUR 94	EUR 172
Summer: 1 JUN - 31 AUG	EUR 40	EUR 65	EUR 99	EUR 172
	<input type="button" value="BOOK NOW"/>	<input type="button" value="BOOK NOW"/>	<input type="button" value="BOOK NOW"/>	<input type="button" value="BOOK NOW"/>

	STANDARD	COMFORT	PREMIUM	LUXURY
ENTRANCE				
Visitor Pass	✓	✓	✓	✓
Entrance to Blue Lagoon	✓	✓	✓	✓
Entrance to the Exclusive Lounge				✓
ACCESSORIES				
Use of Bathrobe		✓	✓	✓
Use of Towel		✓	✓	✓

MILLJÓN HEIMSÓKNIR Á VEFINN

Fjöldi einstakra notenda (unique visitors) á vef Bláa Lónsins fór í fyrsta sinn yfir eina milljón. Mikill meirihluti notenda eða 85 prósent koma erlendis frá. Fyrstu skref voru stigin í þróun vefbókunarkerfis og útgáfu vefmiða. Vefbókunarkerfið hefur hlotið góðar viðtökur og hlutfall þeirra sem nýta sér kerfið hefur farið stighækkandi.

Myndatöku App Bláa Lónsins, sem felst í því að gestgjafar taka myndir af gestum og gestir dreifa á samfélagsmiðlum, hlaut góðar viðtökur. Verkefnið hefur skilað mikilli dreifingu á myndum frá Bláa Lóninu á samfélagsmiðlum. Samtök vefiðnaðarins tilnefndu verkefnið sem bestu markaðsherferðina á netinu.

Kynningar og ferðasýningar erlendis eru mikilvægur þáttur í markaðs- og sölustarfi Bláa Lónsins. Fyrirtækið efndi til kynningar í Scandinavian House í New York í samvinnu við Iceland Naturally og Icelandair. Viðburðurinn tókst afar vel og var hann sóttur af fulltrúum ferðaskrifstofa sem sérhæfa sig í ferðum fyrir ferðamenn sem leita eftir gæðum og upplifun. Fjöldi fjölmiðlafólks sótti einnig viðburðinn. Fyrirtækið tók þátt í öllum stærstu sýningum fyrir almenna ferðamenn, ráðstefnu- og hvataferðir auk þess að sækja ferðasýningar sem sérhæfa sig í lúxusferðum og má þar nefna ILTM sem haldin er í Cannes. Hér heima tók Bláa Lónið þátt í Mid Atlantic ferðakaupstefnunni sem haldin er af Icelandair. Sýningunni hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum árum, segja má að sá vöxtur sé táknað fyrir vöxt íslenskrar ferðapjónustu.

FEGRÐIN KEMUR AÐ INNAN

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að nýrri markaðs- og kynningarherferð fyrir Blue Lagoon húðvörur á innanlandsmarkaði. Herferðin sem ber nafnið „Fegurðin kemur að innan“ er unnin í samvinnu við Döðlur hugmyndahús. Verkefnið hófst á RFF, Reykjavík Fashion Festival, í mars 2014 þar sem „Fegurðin kemur að innan“ var hluti af umgjörð RFF. Herferðin verður sýnileg á umhverfisauglýsingum, á netinu og í dagblöðum og tímaritum á næstu vikum og mánuðum. Sérstök vefsíða var sett í loftið í tengslum við herferðina á www.innrifegurð.is.

Heiti herferðarinnar, „Fegurðin kemur að innan“, endurspeglar uppruna Bláa Lóns jarðsjávarins og virkra efna hans sem eiga uppruna sinn djúpt í iðrum jarðar.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Bláa Lónið er einn þeirra staða í heiminum þar sem vinsælast er að skrá sig inn á Facebook. Mikill vöxtur hefur verið á samfélagsmiðlum Bláa Lónsins, 25.000 notendur hafa sett „Like“ á Facebook síðuna og þeim sem fylgjast með okkur á Twitter fjölgar jafnt og þétt. Bláa Lónið er í 2. sæti á Pinterest yfir vinsælustu ferðaveggina „Travel boards.“

MANNAUÐUR OG INNRI MARKAÐSSETNING:

Mikil verðmæti felast í mannauði félagsins. Stór hópur starfsfólks og maka æfir nú fyrir göngu á Hvannadalshnjúk en 80 manns stefna að því að ganga á hnjúkinn í lok maí. Æfingarnar eru undir leiðsögn Ólafs Sveinssonar, veitingastjóra á LAVA, en hann hefur gengið á 500 fjöll á tæplega þremur árum.

Hópur frá Bláa Lóninu tók þátt í Reykjavíkumaraþoninu og er Rósa Björk Svavarsdóttir, framreiðslumaður á LAVA, Íslandsmeistari kvenna í Reykjavíkumaraþoni.

Allir þeir sem hefja störf hjá fyrirtækinu fara í gegnum nýliðafræðslu. Áhersla er á að nýir starfsmenn kynnist fyrirtækinu, gildum þess og starfsemi, auk þess að fá þjálfun sem lýtur að starfi þeirra. Öryggisþjálfun starfsfólks er einnig mikilvægur þáttur. Boðið hefur verið upp á leiðtogaþjálfun þar sem áhersla er á að efla leiðtogaþæfni starfsfólks í framlínu.

Hópur starfsfólks vann að því að skilgreina gildi Bláa Lónsins en þau eru áberandi og sýnileg á öllum starfsstöðvum.





ALMANNATENGSL OG VÖRUMERKI



Árlega heimsækja um 500 erlendir blaðamenn Bláa Lónið. Umfjöllum blaðamanna byggir fyrst og fremst á upplifun þeirra og er áhersla lögð á að heimsókn þeirra sé raunsönn og endurspegli þá upplifun sem gestir eiga von á. Blaðamönnum er boðið í kynningarferðir með gestgjöfum Bláa Lónsins. Upplýsingar fyrir blaðamenn og myndasafn er aðgengilegt á heimasíðu Bláa Lónsins. Flestir þeirra erlendu fjölmiðla sem heimsækja Bláa Lónið koma hingað til lands á vegum Íslandsstofu og Icelandair. Fyrirtækið og starfsemi þess fékk einnig góða umfjöllun í innlendum miðlum.

Vörumerki Bláa Lónsins er skrásett um allan heim. Vöktun þess er hjá vörumerkja- og hugverkasérfræðingum Árnason Faktor.

VIÐBURÐIR Í BLÁA LÓNINU

Viðburðir settu svip sinn á starfsemi Bláa Lónsins eins og undanfarin ár. Góð þátttaka var í hinni árlegu Jónsmessugöngu, en 400 manns tóku þátt í henni sem er samstarfsverkefni Bláa Lónsins og Grindavíkurbæjar. Gengið var á Þorbjörn og að göngu lokinni endurnýjuðu þátttakendur kraftana í Bláa Lóninu.

Bláa Lóns fjallahjólakeppnin var haldin í 15. sinn. Meðþátttaka var í keppninni sem er samstarfsverkefni Bláa Lónsins og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í tilefni af Airwaves tónlistarhátíðinni bauð Bláa Lónið upp á fjögurra daga tónlistarveislu í LAVA salnum. Tónlistarmennirnir Valdimar, Kaleo, Ylja og Retro Stefson komu fram og var uppselt alla dagana.

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ OG SAMFÉLAGSVERKEFNI





Bláa Lónið hefur gengið til liðs við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins og Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, handsöluðu samkomulag þess efnis miðvikudaginn 5. mars á skrifstofu Festu sem staðsett er í Háskólanum í Reykjavík.

Grímur sagði að allt frá stofnun Bláa Lónsins hefði fyrirtækið lagt áherslu á að sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu. „Með því að ganga til liðs við Festu innleiðir Bláa Lónið samfélagsábyrgð í starfsemi fyrirtækisins með enn markvissari hætti,“

Ketill sagði að það væri fagnaðarefni að fá Bláa Lónið sem er leiðandi fyrirtæki í íslenski ferðaþjónustu til liðs við Festu. Ferðaþjónustan er nú ein af okkar mikilvægustu atvinnugreinum og mun vægi hennar einungis aukast á næstu árum.

SAMSTARF VIÐ ÍPRÓTTAFÉLÖG

Bláa Lónið veitir öllum íþróttafélögum á Suðurnesjum styrki. Styrkirnir eru í formi vetrarkorta í Bláa Lónið og voru 30 styrkir afhentir í september. Bláa Lónið er einnig styrktaraðili allra golfklúbbanna á Suðurnesjum.

Árlegur styrktar „brunch“ til styrktar íþróttasambandi fatlaðra var haldinn í september. Fulltrúar Íslands á vetrarólympíumóti fatlaðra sem haldið var í Sochi þau Erna Friðriksdóttir og Jóhann Þór Hólmgrímsson, voru þar sérstakir heiðursgestir. Íþróttamennirnir voru einnig boðnir velkomnir heim með hádegisverði þeim til heiðurs.



BLÁA LÓNIÐ VARÐVEITIR KRÓNUBLAÐ ÚR ÓLYMPÍUMÓTSELDINUM

Ólympíumót fatlaðra fór fram í London sumarið 2012. Venju samkvæmt kepptu fatlaðir skömmu eftir að sjálfum Ólympíuleikunum lauk. Ólympíumótseldurinn vakti verðskuldaða athygli en eldstæðið var gert af enska hönnuðinum Thomas Heatherwick sem getið hefur sér gott orð fyrir hönnun á opinberum minnisvörðum og fleiru. Bæði Ólympíueldurinn og Ólympíumótseldurinn samanstóð af krónublöðum úr kopar og hvert og eitt þeirra táknaði eina þáttökuþjóð við leikana. Að leikum loknum var svo eitt krónublað úr kopar sent hverri þáttökuþjóð. Bláa Lónið hýsir krónublað Íslands um tíma sem tákn um stuðning félagsins við íþróttir fatlaðra.





ORKUGÖNGUR

Orkugöngur sem eru samstarfsverkefni Bláa Lónsins og HS Orku voru í boði eins og undanfarin ár. Metþátttaka var í göngunum í ár en alls voru farnar 10 göngur og tóku 630 manns þátt í þeim. Boðið var upp á fræðslu í bland við góða hreyfingu og sérstök áhersla var á Jarðvanginn á Reykjanesi. Síðasta ganga sumarsins endaði í Bláa Lóninu þar sem göngugarparnir endurnýjuðu kraftana að göngu lokinni.

ORKUSTÍGUR

Nýr göngustígur sem liggur frá Grindavík í Bláa Lónið var formlega opnaður í maí mánuði. Eftt var til nafnasamkeppni og hlaut stígurinn nöfnin Ingibjargarstígur frá Grindavík að Selskógi og Orkustígur frá Selskógi að Bláa Lóninu. Ingibjargarstígur dregur nafn sitt af Ingibjörgu Jónsdóttur, stofnanda Skógræktarfélags Grindavíkur. Orkustígur vísar til þeirrar orku sem býr í iðrum jarðar. Starfsemi HS Orku og Bláa Lónsins byggir á fjölnýtingu jarðvarmans.

Leikskólabörn frá leikskólanum Laut í Grindavík voru fyrst til að ganga stíginn og aðstoðuðu þau við að klippa á borðann. Stígurinn er samstarfsverkefni Grindavíkurbæjar, Bláa Lónsins og HS Orku. Samstarfsaðilarnir kosta gerð stígsins sem er um 5 kílómetra langur og mikil samgöngubót fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

MENNINGARMÁL

Samningur um styrk við alþjóðlega tungumálamiðstöð Vigdísar Finnbogadóttir var endurnýjaður í nóvember við hátíðlega athöfn, sem fram fór í Háskóla Íslands, að frú Vigdísí Finnbogadóttur viðstaddri.

Samstarfssamningur við Hönnunarmiðstöð Íslands var einnig endurnýjaður. Samstarf við Hönnunarmiðstöð er vel við hæfi fyrir Bláa Lónið en hönnun hefur skipað mikilvægan sess í starfsemi fyrirtækisins allt frá stofnun þess.

VIÐURKENNINGAR



BLÁFÁNINN

Bláfáninn var dreginn að húni í Bláa Lóninu í 11. sinn í byrjun júní, 2013, en Bláa Lónið hefur flaggað fánanum árlega frá árinu 2003. Bláfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem veitt er til að stuðla að verndun umhverfis smábátahafna og baðstranda. Þessari alþjóðlegu viðurkenningu er nú flaggað á yfir 3850 stöðum í 48 löndum.

Leikskólabörn frá leikskólanum Laut í Grindavík aðstoðuðu við athöfnina en leikskólinn hefur hlotið umhverfisviðurkenninguna Grænfánann.

Salóme Hallfreðsdóttir, verkefnisstjóri Bláafánans hjá Landvernd, afhenti Bláfánann fyrir hönd Landverndar. Í máli hennar kom meðal annars fram að Bláa Lónið er einn þriggja staða á Íslandi sem flagga Bláfánanum árið um kring.

Meginmarkmið Bláfánaverkefnisins er bætt umhverfisstjórnun, góð hreinlætisaðstaða, gæði vatns, gott aðgengi að upplýsingum um þjónustu á viðkomandi svæði og slysavarnir. Mikilvægur liður í Bláfánaverkefninu er að efla almenna umhverfisvitund og er það gert með lifandi fræðslu og upplýsingum um náttúru og viðkvæm svæði á Bláfánastöðum.

ERLENDAR VIÐURKENNINGAR

National Geographic valdi ljósmynd frá Bláa Lóninu sem eina af bestu ferðaljósmyndum ársins. Þá er Bláa Lónið á meðal þeirra 20 spa staða sem fréttasíðan CNN mælir með fyrir þá sem vilja byrja árið 2014 á dekri og vellíðan. Góð áhrif á húðina, hvítur kísill og spa meðferðir eru á meðal þess sem CNN telur upp sem ástæðu fyrir heimsókn í Bláa Lónið.

Bláa Lónið hlaut verðlaun World Luxury Spa Awards sem besti spa staður Evrópu í flokki spa staða sem byggja á jarðvarma. Tilgangur þeirra er að verðlauna bestu spa staði heims og fór fram kosning á meðal almennings á heimasíðu verðlaunanna. Á heimasíðunni kemur fram að sýn þeirra sem standa að þessum verðlaunum er að hvetja til og stuðla að háum viðmiðum þegar kemur að þjónustu og gæðum spa staða. Markmið verðlaunanna er m.a. að veita spa gestum tækifæri til að taka þátt í að velja þá staði sem þeir telja vera á meðal þeirra bestu í heiminum. World Luxury Spa verðlaunin vekja einnig athygli fagaðila og annarra þeirra sem sækja spa staði. Verðlaunin byggja á þátttöku einstaklinga sem hafa upplifað þjónustu og gæði staðanna sem eru tilnefndir.





ÁRSREIKNINGUR

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. hefur að geyma samstæðu reikning félagsins og dóttur félaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Í ársbyrjun voru dótturfélög Bláa Lónsins tvö, Eldvörp ehf. og Íslenskar heilsulindir ehf. Þá átti Bláa Lónið í ársbyrjun 26,6% í Hótel Bláa lóninu ehf. og 22,6% í Blue Lagoon International ehf. Á síðasta ársfjórðungi ársins 2013 keypti Bláa Lónið hf. nánast allt hlutaféð í tveimur framangreindum félögum og eru þau því hluti af samstæðureikningi Bláa Lónsins frá árslokum 2013.

Hagnaður af rekstri félagsins árið 2013 nam EUR 8,3 millj. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrar ársins var EUR 13,1 millj. eða 41% af veltu (2012:41%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 13,8 millj. eða 30,0% af heildarfjármagni.

Á árinu 2013 var skráningu á hlutafé félagsins breytt úr EUR í ISK en slíkt reyndist nauðsynlegt vegna gjald-eyrishaftanna. Þessi breyting hefur engin áhrif á reikningsskil félagsins. Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutafé þess ISK 800 milljónir og er það allt í eigu hluthafa. Á árinu seldi félagið eiginhluti að fjárhæð EUR 141.000. Fjöldi hluthafa í árslok er 58. Eftirtaldir aðilar eru 10 stærstu hluthafarnir í félaginu:

	Eignarhluti
Hvatning slhf.	43,0%
HS Orka hf.	33,0%
Eignarhaldsfélag Hofgarðar ehf.	6,7%
M4 ehf.	3,6%
Saffron Holding ehf.	3,6%
Bogmaðurinn ehf.	3,2%
Sigurður Arngrímsson	1,4%
Bent Frisbæk	0,7%
Ása Brynjólfsdóttir	0,7%
Anna G. Sverrisdóttir	0,6%

Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess bjartar, en félagið er nú eitt lykilyfirtækja í íslenski ferðaþjónustu, sem hefur notið mikils vaxtar undanfarin misseri. Helstu ógnanir, sem steðja að rekstrinum eru þær sömu og mundu almennt ógna íslenski ferðaþjónustu s.s. innlendar náttúruhamfarir, alþjóðleg hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og mun endanleg fjárhæð arðgreiðslu verða ákveðin á fundinum.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Grindavík, 21. febrúar 2014.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

TIL STJÓRNAR OG HLUTHAFA BLÁA LÓNISINS HF.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2013. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðureikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðureikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort samstæðureikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í samstæðureikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðureikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu samstæðureiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð samstæðureikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

STAÐFESTING VEGNA SKÝRSLU STJÓRNAR

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðureikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grindavík, 21. febrúar 2014.

KPMG ehf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

	Skýr.	2013	2012
REKSTRARTEKJUR	4	31.768.295	25.465.947
REKSTRARGJÖLD			
Kostnaðarverð seldra vara		4.190.970	3.688.288
Laun og launatengd gjöld	5	9.551.993	7.399.562
Annar rekstrarkostnaður		4.942.179	3.934.100
		18.685.142	15.021.950
		<i>EBITDA</i>	<i>10.443.997</i>
Afskriftir	6, 7	(1.598.092)	(1.443.424)
		<i>Rekstrarhagnaður</i>	<i>9.000.573</i>
Vaxtatekjur		110.719	47.420
Vaxtagjöld		(1.764.734)	(1.753.178)
Aðrir fjármagnsliðir		470.904	295.883
Gengismunur	3b	(184.662)	(342.198)
		<i>Hreinn fjármagnskostnaður</i>	<i>(1.752.073)</i>
Hlutdeild í hlutdeildarfélagi		164.595	0
		<i>Hagnaður fyrir tekjuskatt</i>	<i>7.248.500</i>
Tekjuskattur		(1.965.248)	(1.696.973)
		Hagnaður ársins	5.551.527

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DES. 2013

	Skýr.	2013	2012
EIGNIR			
Rekstrarfjármunir	6	33.181.633	32.252.588
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	884.891	925.022
Kröfur á tengda aðila	16	0	1.300.721
		<i>Fastafjármunir</i>	<i>34.478.331</i>
Birgðir	9	1.884.088	1.014.640
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	1.787.849	1.762.227
Handbært fé		8.147.293	2.586.443
		<i>Veltufjármunir</i>	<i>5.363.310</i>
		Eignir samtals	39.841.641
EIGIÐ FÉ			
Hlutafé	11	4.714.057	4.694.917
Lögbundinn varasjóður		1.092.846	555.153
Þýðingarmunur		(8.862)	(10.946)
Óráðstafað eigið fé		7.969.441	4.468.638
		<i>Eigið fé</i>	<i>9.707.762</i>
SKULDIR			
Langtímaskuldir	14	23.764.776	24.538.165
Tekjuskattsskuldbinding	13	3.084.096	2.570.062
		<i>Langtímaskuldir</i>	<i>27.108.227</i>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	15	2.541.576	1.796.416
Skattur til greiðslu	13	1.450.837	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	1.276.987	1.229.236
		<i>Skammtímaskuldir</i>	<i>3.025.652</i>
		<i>Skuldir samtals</i>	<i>30.133.879</i>
		Eigið fé og skuldir samtals	39.841.641

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2013

	Skýr.	2013	2012		2013	2012	
REKSTRARHREYFINGAR							
Hagnaður ársins		8.316.635	5.551.527	<i>Aukning á handbæru fé við kaup á dótturfélögum</i>	407.856	0	
Afskriftir	6,7	1.598.092	1.443.424	<i>Hækkun á handbæru fé</i>	5.560.850	263.739	
Áfallnar verðbætur, vextir og gengismunur		712.513	(50.270)	<i>Handbært fé í ársbyrjun</i>	2.586.443	2.322.704	
Áhrif hlutdeildarféлага		(164.595)	16.045	Handbært fé í árslok	8.147.293	2.586.443	
Gengisbreyting hlutabréfaeignar		(416.417)	(271.532)				
Sölutap rekstrarfjármuna		0	14.088				
Tekjuskattur	13	1.965.248	1.696.973	FJÁRFESTINGAR OG FJÁRMÖGNUN ÁN GREIÐSLUÁHRIFA			
		<i>Veltufé frá rekstri</i>	<i>12.011.476</i>	<i>8.400.255</i>	Fjárfesting í öðrum félögum, breyting	0	(348.552)
					Tekin ný langtímalán	0	23.000.000
Birgðir, hækkun		(915.369)	(281.548)		Afborganir langtímalána	0	(15.473.074)
Skammtímakröfur, hækkun		(1.111.932)	(445.375)		Keypt eigin bréf	0	(4.859.716)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.144.932	214.373		Breyting á skuld við lánastofnanir	0	(2.318.658)
		<i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>	<i>(882.369)</i>	<i>(512.550)</i>	Yfirtekið vegna dótturfélaga	727.290	0
		<i>Handbært fé frá rekstri</i>	<i>11.129.107</i>	<i>7.887.705</i>	Breyting á viðskiptastöðum tengdra félaga	2.525.402	0
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(1.571.598)	(1.362.651)				
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		44.312	288.293				
Söluverð hlutabréfa		1.443.472	0				
Breyting á eignarhlut í öðrum félögum		(357.666)	(648.493)				
		<i>(441.480)</i>	<i>(1.722.851)</i>				
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR							
Breyting á eigin hlutabréfum	12	144.271	(1.721.811)				
Greiddur arður		(4.400.000)	(2.981.788)				
Afborganir langtímalána	14	(1.278.904)	(1.197.516)				
		<i>(5.534.633)</i>	<i>(5.901.115)</i>				

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Grindavíkurbraut 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2013 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

a. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðureikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfsrækslugjaldmiðill félagsins frá og með árinu 2008.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna hafa áhrif á.

3. HELSTU REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðureikningi félagsins.

a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirlit. Yfirlit eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirlitum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirlit nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur.

c. Fjármálagerningar

Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

d. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeilda í bókfærðu eigin fé þeirra.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirlitum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst.

Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

Í skýringu 3(i) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

<i>Byggingar</i>	50 ár
<i>Áhöld og tæki</i>	5 ár
<i>Innréttingar</i>	5 ár
<i>Bifreiðar</i>	5 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

f. Birgði

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstandur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

g. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Eign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun er færð meðal afskrifta í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

h. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Opinberir styrkir

Opinberir styrkir eru tekjufærðir í rekstrarreikning við greiðslu.

i. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

j. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjör en í ársreikningi. Ekki er reiknaður tekjuskattur vegna tímabundins mismunar sem tengist fjárfestingu í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og að jafnframt sé talið líklegt að hann snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

4. REKSTRARTEKJUR

	2013	2012
Bláa Lónið, aðgangur	18.026.007	13.560.604
Vetingarsala	6.241.984	5.028.066
Vörusala	5.954.829	5.056.105
Lækningalind	1.445.459	1.281.955
Aðrar rekstrartekjur	100.016	539.217
<i>Rekstrartekjur samtals</i>	<i>31.768.295</i>	<i>25.465.947</i>

5. STARFSMANNAMÁL

Laun	7.664.707	5.865.828
Tryggingagjald	669.808	518.679
Lífeyrisiðgjöld	712.035	541.597
Annar starfsmannakostnaður	505.443	473.458
<i>Laun og launatengd gjöld samtals</i>	<i>9.551.993</i>	<i>7.399.562</i>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 225 191

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 570 þús. á árinu 2013 (2012; EUR 516 þús.).

6. REKSTRARFJÁRMUNIR

	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Kostnaður				
Staða 1.1.2012	28.629.619	7.833.836	3.192.835	39.655.693
Keypt á árinu	691.089	77.964	593.598	1.362.651
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(432.685)	(432.685)
<i>Heildarverð 31.12.2012</i>	<i>29.320.708</i>	<i>7.911.800</i>	<i>3.353.748</i>	<i>40.585.659</i>
Staða 1.1.2013	29.320.708	7.911.800	3.353.748	40.585.659
Keypt á árinu	1.022.145	27.071	522.382	1.571.598
Viðbót vegna nýrra dótturfélaga	0	0	727.290	727.290
Selt og niðurlagt á árinu	(44.312)	0	0	(44.312)
<i>Heildarverð 31.12.2013</i>	<i>30.298.541</i>	<i>7.938.871</i>	<i>4.603.420</i>	<i>42.840.235</i>
Afskriftir				
Staða 1.1.2012	4.264.428	1.001.524	1.958.006	7.223.361
Afskrifað á árinu	702.998	159.514	377.503	1.240.015
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(130.305)	(130.305)
<i>Afskrifað 31.12.2012</i>	<i>4.967.426</i>	<i>1.161.038</i>	<i>2.205.204</i>	<i>8.333.071</i>
Staða 1.1.2013	4.967.426	1.161.038	2.205.204	8.333.071
Afskrifað á árinu	772.835	161.158	391.538	1.325.531
<i>Afskrifað 31.12.2013</i>	<i>5.740.261</i>	<i>1.322.196</i>	<i>2.596.742</i>	<i>9.658.602</i>
Bókfært verð				
<i>31.12.2012</i>	<i>24.353.282</i>	<i>6.750.762</i>	<i>1.148.544</i>	<i>32.252.588</i>
<i>31.12.2013</i>	<i>24.558.280</i>	<i>6.616.337</i>	<i>2.006.678</i>	<i>33.181.633</i>
Afskriftahlutföll	2%	2%	20%-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 10,9 millj. (2012: EUR 10,2 millj.) Á sama tíma var váttryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 31,4 millj. (2012: EUR 27,9 millj.)

7. ÓEFNISLEGAR EIGNIR

Á árinu keypti félagið viðbótarhluti í Blue Lagoon International ehf. og Hótel Bláa Lóninu ehf. eins og nánar greinir frá í skýringu númer 17. Sá hluti kaupverðs sem er umfram eignarhlutdeild í eiginfé er færður til gjalda meðal afskrifta.

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi árið 2013 greinast þannig:

Afskrift rekstrarfjármuna	1.325.531
Afskrift yfirverðs	272.561
	<i>1.598.092</i>

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi árið 2012 greinast þannig:

Afskrift rekstrarfjármuna	1.240.015
Afskrift óefnislegra eigna	203.409
	<i>1.443.424</i>

8. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Fjárfesting í hlutdeildarfélagi í árslok og eignarhlutur greinist þannig:

	Eignarhlutur	Afkoma 2013	Bókfært verð 2013
Baðfélag Mývatnssveitar hf.	22,3%	164.595	575.684

Eignarhlutir í öðrum félögum er færðir á upphaflegu kostnaðarverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2013
Hreyfing ehf.	11,0%	71.859
Gufa ehf.	19,0%	225.013
Önnur félög	0%	12.335
	<i>Samtals</i>	<i>309.207</i>

9. BIRGÐIR

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

10. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR

	2013	2012
Viðskiptakröfur	1.500.938	581.182
Krafa á tengda aðila	86.997	38.918
Aðrar skammtímakröfur	199.914	1.142.127
<i>Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals</i>	<i>1.787.849</i>	<i>1.762.227</i>

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 31. desember 2013 nemur EUR 28 þús. (2012; EUR 28 þús.).

11. HLUTAFÉ

Á árinu 2013 var skráning á hlutafé félagsins breytt úr EUR í ISK en slíkt reyndist nauðsynlegt vegna gjaldeyrishaftanna. Þessi breyting hefur engin áhrif á reikningsskil félagsins. Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutafé þess ISK 800 milljónir og er hver hlutur ein króna. Allt útgefið hlutafé er í eigu hluthafa.

12. EIGIÐ FÉ

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2013	4.694.917	555.153	(10.946)	4.468.638	9.707.762
Seldir eigin hlutir	19.140	121.860			141.000
Greiddur arður				(4.400.000)	(4.400.000)
Þýðingarmunur			2.084		2.084
Hagnaður ársins				8.316.635	8.316.635
Lagt í lögbundinn varasjóð		415.832		(415.832)	0
<i>Eigið fé 31.12.2013</i>	<i>4.714.057</i>	<i>1.092.846</i>	<i>(8.862)</i>	<i>7.969.441</i>	<i>13.767.482</i>

13. TEKJUSKATTSSKULDBINDING

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

	2013	2012
Fastafjármunir	3.085.237	2.727.714
Yfirfæranlegt tap	(12.259)	(197.315)
Gengismunur	(31.570)	9.185
Birgðir	16.429	16.263
Viðskiptakröfur	26.259	14.214
<i>Tekjuskattsskuldbinding</i>	<i>3.084.096</i>	<i>2.570.062</i>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður ársins	8.316.635	5.551.527	
Tekjuskattur ársins	1.965.248	1.696.973	
<i>Hagnaður án tekjuskatts</i>	<i>10.281.883</i>	<i>7.248.500</i>	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20%	2.056.377	1.449.700
Aðrar breytingar	0%	(91.129)	247.273
<i>Virkur tekjuskattur</i>	<i>20%</i>	<i>1.965.248</i>	<i>1.696.973</i>

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

	2013
Tekjuskattur til greiðslu	1.450.837
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	514.411
	<i>1.965.248</i>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2013
Hagnaður fyrir skatta	10.281.883
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	2.056.377
Ófrádráttarbær kostnaður	156.815
Óskattskyldar tekjur	(284.690)
Annað	36.746
<i>Virkur tekjuskattur</i>	<i>1.965.248</i>

14. LANGTÍMALÁN

Þessi skýring veitir upplýsingar um samninga samstæðunnar um vaxtaberandi lán og lántökur.

Langtímaskuldir í árslok greinast þannig:	2013	2012
Skuldir í EUR	19.968.439	21.053.787
Skuldir í ISK	5.073.324	4.713.614
<i>Samtals</i>	<i>25.041.763</i>	<i>25.767.401</i>
Á gjalddaga 2013	0	1.229.236
Á gjalddaga 2014	1.276.987	1.237.917
Á gjalddaga 2015	1.286.453	1.247.130
Á gjalddaga 2016	18.137.633	18.098.043
Á gjalddaga 2017	184.419	144.545
Á gjalddaga 2018	195.735	190.528
Á gjalddaga 2019 og síðar	3.960.536	3.620.002
	<i>25.041.763</i>	<i>25.767.401</i>
Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:		
Langtímaskuldir	23.764.776	24.538.165
Næsta árs afborganir	1.276.987	1.229.236
	<i>25.041.763</i>	<i>25.767.401</i>

Lánveitendur félagsins hafa veð í fasteignum þess að Grindavíkurbraut 5, 7 og 9, sem og lóðum, réttindum og rekstri til tryggingar á skuldum félagsins.

15. VIÐSKIPTASKULDIR OG AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2013	2012
Viðskiptaskuldir	1.149.981	782.297
Tengdir aðilar	6.233	38.749
Aðrar skammtímaskuldir	1.385.362	975.370
<i>Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals</i>	<i>2.541.576</i>	<i>1.796.416</i>

16. TENGDIR AÐILAR

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf. og HS Orka hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila um áramót greinast þannig:

	2013		2012	
	<i>Eign</i>	<i>Skuld</i>	<i>Eign</i>	<i>Skuld</i>
Bláa Lónið heilsuvörur ehf.	0	0	925.763	0
Hreyfing ehf.	79.483	4.957	38.918	0
Hótel Bláa Lónið ehf.	0	0	336.041	0
HS Orka hf.	7.514	1.276	0	38.749
<i>Samtals</i>	<i>86.997</i>	<i>6.233</i>	<i>1.300.722</i>	<i>38.749</i>

Krafa við tengda aðila í árslok 2013 er færð meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna samanber skýringu 10.

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2013		2012	
	<i>Sala</i>	<i>Kaup</i>	<i>Sala</i>	<i>Kaup</i>
Bláa Lónið heilsuvörur ehf.	–	–	527.183	1.569.980
Hreyfing ehf.	41.173	66	43.254	2.614
HS Orka hf.	87.324	230.215	61.504	188.212

Önnur viðskipti við tengda aðila eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Verðlagning í slíkum viðskiptum er sambærileg og í öðrum viðskiptum við ótengda aðila.

Auk þeirra viðskipta við tengda aðila er að framan greinir kaupir Bláa Lónið hf. heitt og kalt vatn og rafmagn af HS Veitum og nam heildarfjárhæð þeirra viðskipta 270 þús. EUR á árinu 2013.

17. FÉLÖG Í SAMSTÆÐUNNI

Í árslok voru dótturfélög Bláa Lónsins hf. í samstæðunni sex, Eldvörp ehf. sem er fasteignafélag, Íslenskar heilsulindir ehf. sem er eignarhaldsfélag um eignarhluti í Baðfélagi Mývatnssveitar ehf. og Gufu ehf., Blue Lagoon International ehf. sem er eignarhaldsfélag um Bláa Lónið Heilsuvörur hf. og Blue Lagoon USA, Hótel Bláa Lónið hf., Blue Lagoon Clinic ehf. og Blue Lagoon Travel ehf. Síðarnefndu tvö félögin voru stofnuð á árinu 2013 og hafa ekki enn hafið rekstur.

Í ársbyrjun átti Bláa Lónið 22,6 % hlutfjár í Blue Lagoon International ehf. og 26,6% hlutfjár í Hótel Bláa Lóninu hf. Seint á árinu keypti Bláa Lónið hf. nánast allt hlutfé í félögunum og eru þau því hluti af samstæðureikningi Bláa Lónsins hf. frá árslokum 2013. Áhrif kaupanna á efnahagsreikning samstæðunnar eru óveruleg og ekki eru færð rekstraráhrif vegna ársins 2013 þar sem eignabreytingin átti sér stað seint á árinu.

Bókfært verð dótturfélaga sem er fært í samstæðureikninginn greinist þannig.

	<i>Eignarhlutur</i>	<i>Bókfært verð</i>
Eldvörp ehf.	100%	13.420.634
Íslenskar heilsulindir ehf.	100%	706.209
Blue Lagoon International ehf.	100%	3.309
Hótel Bláa Lónið ehf.	100%	(30.616)
Blue Lagoon Clinic ehf.	100%	3.254
Blue Lagoon Travel ehf.	100%	3.254

18. ÖNNUR MÁL

a.

Eins og fram kom í skýringum ársreikninga félagsins fyrir árin 2011 og 2012 hefur verið ágreiningur við Lýsingu um uppgjör á fjármögnunarleigusamningi sem Lýsing taldi óuppgerðan. Nokkrir dómur, bæði héraðsdómur og hæstaréttardómur, hafa fallið vegna svipaðra samninga án þess að réttaróvissu hafi verið eytt. Í ljósi þeirrar óvissu sem um þetta mál ríkir ákvað Bláa Lónið hf. að gera að fullu upp við Lýsingu án þess þó að viðurkenna réttmæti kröfunnar. Í rekstrarreikningi 2013 eru gjaldfærðar EUR 152 þús. vegna þessa.

b.

Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsubaða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru 224 þús. EUR (2012: 173 þús. EUR) á árinu 2013.

c.

Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur vörutákn félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

d.

Rannsókn- og þróunarkostnaður var EUR 465.437 á árinu og er allur gjaldfærður í rekstrarreikningi. Um er að ræða bæði kostnað sem fellur til innan fyrirtækisins og aðkeypta þjónustu. Meginverkefni ársins eru rannsóknir á áhrifum Bláa Lónsins á psoriasis, rannsóknir á Blue Lagoon hráefnum og þróun nýrra húðvara. Endurgreiðsla R&D kostnaðar frá Ríkissjóði Íslands vegna skattaívilnunar nam EUR 92.341.

Félagið hefur lagt inn tvö einkaleyfi:

- PCT /IS2007/000012 - Pharmaceutical and cosmetic use of extracts from algae obtainable from saline hot water sources (publication no: WO 2007/129331)
- PCT /IS2007/000011 Pharmaceutical and cosmetic use of silica (publication no: WO 2007/129330)

Einkaleyfin lúta að notkun kísils annars vegar og þörungna hins vegar í snyrtivörur og lyf. Grunnumsóknir voru lagðar inn á Íslandi 2006. PCT umsóknir (alþjóðlegar umsóknir) voru lagðar inn 2007. Árið 2008 voru þær færðar yfir í landsbundið ferli og lagðar inn umsóknir í EPO og US þar sem þær eru nú til skoðunar.

Upplag

120 eintök

Hönnun og uppsetning

Sigrún Sæmundsen

Prentun

Svansprent

Bláa Lónið hf.

240 Grindavík

www.bluelagoon.is

©2014